



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

Námskeið	Tómstundaframboð - vor 2025 - Lýsing á námskeiði	Kostnaður	Tími
Valur	Rútuferðir eru frá Ísaksskóla í Valsheimilið. Skráningar fara fram hjá Val. Foreldrar sækja börn sín eftir æfingar í Valsheimilið.	Greiðist hjá Val	2-3 x í viku
Sirkus Íslands	Börnin fá tækifæri til að læra hinar ýmsu sirkuskunstir s.s. trúðamennsku, gripl (juggling), loftfímleika o.fl. Ath. 15 börn að hámarki í hópi. Kl 14:10-15:00. Hefst 22. janúar, skráning inni á <a href="https://www.sportabler.com/shop/sirkus">https://www.sportabler.com/shop/sirkus</a>	18.000,-	Miðvikudagur
Barnakór	Barnakór Ísaksskóla samanstendur af eldri kór (8 og 9 ára nemendum) og yngri kór (7 ára nemendum). Eldri kór æfir á þriðjudögum kl. 14:15-14:50 og yngri kór æfir á miðvikudögum kl. 14:15 – 14:50. Nýskráningar eða breytingar fara fram hjá Vigdís tónmenntakennara og kórstjóra á netfangið <a href="mailto:vigdis@isaksskoli.is">vigdis@isaksskoli.is</a> . Hefst 21. janúar.	Enginn	Þriðjudagur og miðvikudagur
Jóga	Í krakkajóga er gaman. Kennarar eru ýmsar jógaþóttur og æfingar sem styrkja jafnvægi, einbeitingu og samhæfingu. Við lærum líka einfaldar öndunaræfingar og stuttar hugleiðslur. Syngjum möntrur með hreyfingum og förum í leiki. Allir tímar enda á slökun. 8 skipti. Hópur 1 - 14:15-15:00. Hópur 2 - 15:15-16:00. Hefst 21. janúar. Jógakennari: Herdís Þórsteinsdóttir – skráning: <a href="mailto:herdis@isaksskoli.is">herdis@isaksskoli.is</a>	20.000,-	Þriðjudagur
Táknmál	Þegar við tölum táknmál þá notum við hendur til að tjá okkur og augu til að nema. Á vorönninni lærum við ýmis tákn fyrir fjölskyldumeðlimi eins og mamma, pabbi, systir, bróðir o.s.frv. Við lærum að stafa nafnið okkar á táknmáli og fáum okkar eigið nafnatákn. Við lærum ýmis tákn fyrir þorramat eins og hákarl, svið, blóðmör og hrútsþunga. Einnig lærum við litina, tölurnar, daganana og mánuði. Umfram allt á að vera skemmtilegt að koma í táknmálstíma. Við lærum best í gegnum leik og munum því læra táknmál í gegnum alls kyns leiki og spil eins og bingó, slönguspil, myllu, sudoku og minnisþing. Hefst fimmtudaginn 23. janúar og verður í 10 skipti. Táknmálskennari: Dagný Blöndal - skráning: <a href="mailto:dagny@isaksskoli.is">dagny@isaksskoli.is</a> 10 skipti og 15% systkina afsláttur.	20.000,-	Fimmtudagur
Kínverska	Kennari er Yabei. Kennslan byggist á leik, söng og kennslubókum á íslensku sem eru litríkar og skemmtilegar. Yngri hópur, 10 í hópi, eru frá kl 14:10-14:50. Eldri hópur, 10 í hópi, frá 15:00-15:40. Hefst 20. janúar. Sömu hópar og fyrir áramót	Enginn	Mánudagur
Forritunarnámskeið	Nýttu sköpunargáfuna og framkvæmdu hugmyndir þínar í spennandi Scratch forritunarmáli! Við ætlum að fíkta og læra á forritið Scratch sem er byrjendaforrit fyrir forritun. Hægt er t.d. að hanna eigin tölvuleiki með Scratch með byrjendavænu og sjónrænu forritunarmáli. Kennari leiðir þig skref fyrir skref í gegnum ferlið, kennir þér hvernig á að hanna persónur, forrita þær og bæta við spennandi hlutum. Námskeiðið hentar nemendum í 2.,3. og 4. bekk. Hefst 22. janúar og er 6 skipti. Skráning: <a href="mailto:kolbrun@isaksskoli.is">kolbrun@isaksskoli.is</a>	12.000,-	Miðvikudagur
Hreyfi- og stuttmyndagerð	Hreyfi- og stuttmyndagerð í spjaldtölvum. Unnið verður í smáforritunum Stop motion og imovie. Nemendur læra undirstöðuatriði í því að búa til sitt eigið handrit og koma því í mynd. Notast verður mikið með lego til að fíkra okkur áfram í hreyfimyndagerð. Skapandi hugsun og gleði ræður ríkjum á þessu námskeiði. Námskeiðið er fyrir nemendur í 2.,3. og 4. bekk. Fjöldi í hóp 14 nemendur. Tímarnir eru á fimmtudögum kl:14:15-15:00, 15:00-15:45. Hefst 23. janúar og er 6 skipti. Skráning: <a href="mailto:kolbrun@isaksskoli.is">kolbrun@isaksskoli.is</a>	15.000,-	Fimmtudagur
Mudo Taekwondo	Kennari er Sigursteinn Snorrason 7. dan. Æfingarnar samanstanda af uppbyggilegum æfingum í bland við leiki. Mikil áhersla er á almenna fimi, styrk og liðleika. Einkunnarorð Mudo eru: sjálfstraust, sjálfsagi, sjálfsvörn - við búum til sterkari börn. 12 tímar. Hefst 20. janúar. Yngri hópur 6-7 ára kl: 14:00-14:40. Eldri hópur 8-9 ára kl: 14:40-15:20. Skráning inni á: <a href="https://www.abler.io/shop/mudogym">https://www.abler.io/shop/mudogym</a>	29.900,-	Mánudagur